

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 24. ágúst 2009 staðfest aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999 frá 9. janúar 1981, aðalskipulag Eskifjarðar 1988-2008 frá 21. maí 1990, aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992, aðalskipulag Búðahrepps 2002-2022 frá 4. júlí 2003 og aðalskipulag Stöðvarfjarðar 1983-2003 frá 13. apríl 1984, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 24. ágúst 2009.

Svandís Svavarsdóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2009